

Vesturbyggð
Árman Halldórsson,
forstöðumaður tæknideildar
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



Reykjavík, 1. júlí 2013
Tilvísun: UST20130400105/há

Lýsing á breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðahrepps og matslýsing

Vísað er til erindis Tálknafjarðahrepps dags 17. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðahrepps 2006-2018 og matslýsingu.

Markmið

Tilgangur breytingarinnar er að fjölga iðnaðarsvæðum vegna heitavatnsöflunar, fiskeldis og smávirkjunar. Vatnið frá heitavatnsholum á að nýta til fiskeldis.

Almennt um breytinguna

Um er að ræða breytingu á þremur iðnaðarsvæðum í landi Norður- Botns í Tálknafirði. Breytingin er eftirfarandi:

- Afmörkun borhola.
- Nýtt svæði fyrir fiskeldi í Botnadal sem er stækkun á svæði I3 þar sem er þegar fiskeldi og heitavatnsholur. Ársframleiðsla fiskeldis er áætluð 200 t eða meiri sem er tilkynningaskyld framkvæmd eins og fram kemur í greinargerð.
- 2-3 kW smávirkjun í Keldá.

Fram kemur í greinargerð að í áður auglýstri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðahrepps gerðu landeigendur Norður- Botns I og II athugasemdir við auglýsta tillögu. Þær athugasemdir voru það viðamiklar að þær kröfðust endurauglýsingar og því ákvað Tálknafjarðahreppur að fara í aðrar breytingar á aðalskipulaginu.

Framkvæmdir

Um fiskeldisstöð segir í geinargerð að miðað verði við 400 tonna ársframleiðslu en stöðin hefur í dag rekstarleyfi fyrir 200 tonnum. Gert er ráð fyrir að nýta áfram þau mannvirki sem eru til staðar til að byggja upp nýja fiskeldisstöð. Einnig er reiknað með að byggja nýja eldisstöð í tengslum við núverandi byggingar. Gert er ráð fyrir um 10 eldiskerjum, 300 m³ að stærð, ásamt 8 minni kerjum (75 m³) og skemmu yfir þau. Heildarstærð mannvirkja gæti orðið allt að 8.000 m² að núverandi byggingum meðtöldum. Á Keldeyri er gert ráð fyrir allt að 8.000 m² fiskeldismannvirkjum ofan við eldistjarnirnar.

Um borholur segir í greinargerð að reiknað sé með að nýta þær borholur sem eru þegar til staðar á jörðinni, en auk þess er gert ráð fyrir nýjum borholum. Við fjölgun borhola verða lagnir lagðar um sama svæði og núverandi lagnir. Umhverfisstofnun tekur undir áform um að lágmarka rask með lagningu vatnslagna um þegar raskað svæði og leggur áherslu á að frágangur á lögnum verði vandaður að framkvæmdum loknum.

Um virkjun í Keldá segir í greinargerð að virkjunin sé það lítil að hún sé ekki tilkynningaskyld skv. Lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2006.

Fjarlægðarmörk

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt mynd 1. bls. 4 í greinargerð liggur framkvæmdarsvæði I3 nærri sjó og Botnsá. Samkvæmt grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð þá skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri leið gangandi manna, og telur stofnunin því nauðsynlegt að aðgengi fótgangandi verði áfram óhindrað meðfram sjó.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við hönnun mannvirkja verði farið eftir 35 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir „við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands“. Í fyrri umsögnum Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps hefur verið benti á að frágangur hitaveitulagna í Tálknafirði séu slæmar. Stofnunin vil því ítrekar hér að kostur væri ef unnt er að bæta úr því samfara lagningu nýrra lagna.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki kemur fram í greinargerð lýsing á náttúrufari og lífríki framkvæmdarsvæðis sem er merkt I3 á mynd 1. bls. 4. Stofnunin telur æskilegt að fram fari rannsókn á lífríki svæðisins og þá sérstaklega leirum við árósa Botnsár sem enn eru óraskaðar, til að hægt sé að meta hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 lið e. njóta leirur og sjávarfitjar sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þar segir einnig „Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndanefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, (sbr. Skipulagslögum og lög um mannvirki), til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1 mg. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir“.

Virðingarfyllst



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur